

Samantekt hvítbókar um sjálfbært Ísland í samráðsgátt

Fyrsti liður í vinnu að stefnumótun var að taka saman stöðu mála í skjalinu „Grænbók um sjálfbært Ísland – Stöðumat og valkostir“. Drög að grænbókinni voru unnin í byrjun árs 2023 og birt í samráðsgátt stjórnvalda í apríl. Í tengslum við gerð grænbókarinnar var boðað til alls 8 kynningarfunda með forsætisráðherra víða um land auk fjarfundar til að kynna efni hennar og leita álits almennings á verkefninu. Unnið var úr 17 umsögnum sem bárust og voru niðurstöður samráðsins birtar í byrjun júlí.

Undanfarið hefur verið unnið að áframhaldandi stefnumótun og nú liggja fyrir drög að skjalinu „Hvítbók um sjálfbært Ísland – Drög að stefnu Íslands um sjálfbæra þróun til 2030.“ Drögin hafa verið rýnd af stýrihópi Sjálfbærs Íslands og voru kynnt Sjálfbærni ráði í nóvember. Umsagnir meðlima ráðsins bárust fram að áramótum og hafa hvítbókardrögin nú verið uppfærð með tilliti til þeirra umsagna.

Efni hvítbókarinnar skiptist í fimm kafla. Í **fyrsta kafla** er fjallað um aðdraganda stofnunar Sjálfbærs Íslands og lýst tilhögun stefnumótunarvinnunnar og annarra verkefna. Í **öðrum kafla** er greint frá helstu leiðarljósum stefnunnar, sem eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og velsældaráherslur ríkisstjórnar Íslands. Í **þriðja kafla** er lögð fram tillaga að framtíðarsýn um sjálfbæra þróun.

Fjórdi kafli dregur saman fimm lykilviðfangsefni, sem vinna þarf að innan stjórnkerfisins og í samfélaginu öllu í þágu sjálfbærrar þróunar, þ.e. réttlát umskipti, efnahagslega sjálfbært samfélag, umhverfis- og loftslagsmál, ábyrga neyslu og framleiðslu og hnattræna ábyrgð. Í stefnunni er ekki lagt til að Sjálfbært Ísland fari með yfirstjórn þeirra verkefna sem nefnd eru í hvítbókinni, heldur vinni að almennri samhæfingu og samvinnu til að ná megi þeim markmiðum sem lýst er í 5. kafla.

Í **fimmta kafla** eru lögð til fjögur markmið viðfangsefna stjórnvalda á sviði sjálfbærrar þróunar. Við hvert markmið er fjallað um áherslur stefnumótunar til ársins 2030.

Markmiðin eru að:

- A. *Auka þekkingu, fræðslu og samfélagslega þátttöku.* Mikilvægt er að efla þátttöku almennings og samfélagsins alls með fræðslu og ráðleggingum um sjálfbærar lausnir, sem og jákvæðum hvötum.
- B. *Efla samvinnu og samhæfingu.* Hér er fjallað um áframhaldandi vinnu Sjálfbærs Íslands og Sjálfbærni ráðs. M.a. er lagt til að stofnað verði ráðgjafaráð með fulltrúum háskólasamfélagsins, sem eigi fulltrúa í Sjálfbærni ráði.
- C. *Þróa heildstætt áhrifamat stefnumótunar og innleiða velsældaráherslur í alla áætlanagerð.* Þróa þarf áhrifamatið í víðtæku samstarfi við ráðuneyti og aðra hagaðila. Litið verði til fyrirmýnda hjá öðrum þjóðum og ráðgjafar alþjóðastofnana.
- D. *Stuðla að hnattrænni ábyrgð og draga úr neikvæðum smitáhrifum.* Mikilvægt er að Ísland vinni ekki aðeins að því að innleiða sjálfbærni markmið innanlands heldur leggi jafnframt metnað í að draga úr neikvæðum smitáhrifum, þ.e.a.s. á getu annarra ríkja til að ná heimsmarkmiðunum fyrir 2030. Nauðsynlegt er að styðja við þá aðstoð, sem íslensk stjórnvöld og fyrirtæki veita öðrum þjóðum í vinnu að sjálfbærri þróun.

Hvítbók þessi er fyrsta útgáfa að stefnu um sjálfbæra þróun. Nauðsynlegt verður að uppfæra hana þegar reynsla verður komin á framkvæmd þeirra verkefna sem lögð eru til.